

Reikningsskilaráð ríkisins

53. Fundur – 10. mars 2021 kl. 09:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Björn Þór Hermannsson, Ólafur Hjálmarsson og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir.
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 52. fundar samþykkt.

2. Ríkisreikningur 2020, staðan.

Farið yfir vinnu og verkætlun vegna ríkisreiknings 2020. Byrjað er að loka stofnunum fyrir en vanalega sem er jákvætt. Uppgjör vegna lánamála fyrir árið 2020 er að mestu lokið. Uppgjör vegna desember mánaðar keyrt í vikunni. Vegagerðinn fara þarf vel yfir og fylgja eftir uppgjöri stofnunarinnar.

3. Gjaldahópur.

Skýrt var frá því að verkefni var sent til gjaldahóps reikningsskilaráðs. Verkefnið snýr að COFOG flokkun og GFS lyklun ríkisfjármálanna.

4. Vinnuhópur um breytta flokkun hageininga

Rætt var um yfirstandandi verkefni vinnuhóps FJR, FJS, Hagstofu og Ríkisendurskoðunar um breytta flokkun ríkisaðila. Breytt flokkun snýr að því að ýmsar stofnanir, sem hingað til hafa verið flokkaðar utan A-hluta ríkissjóðs, hafa verið endurflokkaðar við framsetningu Hagstofu samkvæmt GFS og teljast nú innan A-hlutans. Mikilvægt er að fullt samræmi sé tryggt við flokkun ríkisaðila í ríkisreikningi og þjóðhagsreikningum. Reikningsskilaráð mun fylgjast náið með framvindu verkefnisins.

5. Önnur mál.

Rætt um drög að reglugerð um meðferð árslokastöðu ríkisaðila sem er í samráðsgátt til umsagnar. Eins og kemur fram á samráðsgátt „er í meginráttum formfest sú framkvæmd sem við hefur verið höfð með því að skýra framkvæmdina í reglugerð. Meginreglan varðandi rekstrarliði er sú að heimilt er að halda afgangi sem nemur allt að 4% af gjaldafjárveitingu ársins en þó skal uppsöfnuð staða í árslok aldrei vera umfram 10% af gjaldaheimild ársins.“ Meginreglan varðandi framlög til fjárfestingar er áfram sú að fjárfestingarheimild færast á milli ára, en tilfærsluliðir og aðrir reiknaðir liðir falla niður og færast því ekki á milli ára.

Á fundinum komu fram ábendingar varðandi þetta verklag annars vegar og samspil fjárheimilda og fjárveitinga hins vegar. Var þar m.a. bent á að Alþingi veitti fjárheimildir til málaflokka og málefnasviða, sem væri síðan skipt niður af fagráðuneytum til stofnana og verkefna.

Reikningsskilaráð tók umræðuna en taldi að ekki væri um mál sem reikningsskilaráð ætti að álykta um sérstaklega. Hins vegar verður ábendingum komið á framfæri til fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem mun skoða allar athugasemdir áður en reglugerðin verður endanlega gefin út.

Ekki var fleira rætt og fundi slitið kl. 10:30. Næsti fundur 7. apríl kl. 09:00.